

# Áveitan

1. tbl. 9. árgangur. Janúar 2015

## Aldursflokkamót 11-14 ára og unglíngamót 15-22 ára

Aldursflokkamót 11-14 ára og unglíngamót 15-22 ára í frjálsum íþróttum fer fram 10. janúar í Frjálssíþróttahöllinni í Kaplakrika. Keppni hefst kl 14:00 og stendur til c.a. 18:00. Þjótandi stefnir á að senda öflugt lið af sprækum krökkum til leiks og ef einhver hefur áhuga á því að keppa þá er hægt að hafa samband við Árna Geir Þjálfara á æfingu eða við Guðmundu á netfangið [gudmunda89@gmail.com](mailto:gudmunda89@gmail.com) fyrir fimmtudagskvöldið 8. janúar.

Keppnisgreinar eru:

11-12 ára: 60m hlaup, langstökk, hástökk, kúluvarp, 800m hlaup.

13-14 ára: 60m hlaup, langstökk, hástökk, kúluvarp, 800m hlaup, 60m grindahlaup.

Allir flokkar á unglíngamótinu: 60m hlaup, 60m grindahlaup, langstökk, hástökk, kúluvarp, 800m hlaup.

Jafnframt minnum við á að allir keppendur eiga að keppa í Þjótandabol en þeir kosta 1500kr og hægt er að panta bol um leið og keppandi er skráður á mótinu.

Ungmennafélögin í Flóahreppi eiga að útvega starfsmenn til að starfa við langstökk á mótinu og ef einhver vill leggja okkur hjálparhönd þá má sá hinn sami hafa samband við Guðmundu á ofangreint netfang eða formann síns félags. Foreldrar barna á mótinu mega einnig búast við því að þurfa að hjálpa til ef þörf er á.

**Áfram Þjótandi!**



## Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélagin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason  
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson  
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir  
fanneyo@emax.is

### Ágætu lesendur, gleðilegt ár.

Útgáfa Áveitunnar heldur áfram á nýju ári. Blaðið er unnið í góðu samstarfi ungmennafélaganna þriggja og ljósritað í Flóaskóla í 270 eintökum. Auk þess er blaðið sent út til yfir 100 netáskrifenda, þannig að fréttir úr Flóahreppi berast víða. Stefnt er að því að efnistösk blaðsins verði með svipuðu sniði og verið hefur og er fólk hvatt til að nýta sér þennan góða miðil til að koma auglýsingum eða öðrum fréttum á framfæri. Pistillinn verður áfram á sínum stað og er fólk bedið að bregðast skjótt við og skrifa pistil sé á það skorað. Lítið efni hefur hins vegar borist í Flóðgáttina undanfarið, en það er vísnaþáttur blaðsins, og eru lesendur hér með hvattir til dáða að senda inn kveðskap sinn til birtingar. Umsjónarmaður Flóðgáttarinnar er Stefán Geirsson, netfang stegeir@hotmail.com.

Bestu áramótakveðjur til allra lesenda Áveitunnar.

Ritstjórn

## Frá sveitarstjóra

Kæru íbúar

Bestu óskir um gleðilegt nýtt ár með þökk fyrir samstarfið á því liðna. Árið 2014 var ár breytinga í Flóahreppi. Ný sveitarstjórn tók við störfum að loknum kosningum undir forystu Árna Eiríkssonar oddvita. Í sveitarstjórn komu til starfa auk hans, Margrét Jónsdóttir, Sigurbára Rúnarsdóttir, Svanhvít Hermannsdóttir og Elín Höskuldsdóttir. Margrét Sigurðardóttir hætti störfum eftir átta ára farsælan feril sem sveitarstjóri og undirrituð var ráðin í hennar stað. Nýr skólastjóri Anna Gréta Ólafsdóttir tók við af Guðmundi Frey Sveinssyni og Jóna Björg Jónsdóttir var ráðin leikskólastjóri Krakkaborgar. Skipað var að nýju í allar nefndir og sveitarstjórn átti fund með þeim s.l. í sumar. Nefndirnar hafa því allar tekið til starfa og vinna samkvæmt erindisbréfum sínum.

Áfram var unnið að myndarlegri uppbyggingu leikskólans Krakkaborgar og nýtt loftræstikerfi sett upp í Flóaskóla. Stefnt er að því að hafa opið hús í leikskólanum þegar flutningum er lokið í byrjun febrúar. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða styrkti uppbyggingu við Urriðafoss og var aðstaða til móttöku ferðamanna þar stórbætt með afmörkun og lagningu göngustíga merkinga og stækkun á bílplani. Iðunn Ýr Ásgeirsdóttir vann tímabundið að kynningarmálum á vegum sveitarfélagsins og lagði m.a. heilmikla vinnu í bættu upplýsingamiðlun á heimasíðu sveitarfélagsins. Samningur við Markaðsstofu Suðurlands var endurnýjaður til eins árs. Gengið var til samstarfs við nágrannasveitarfélögin varðandi ráðgjöf og vinnu á tæknisviði og framundan er vinna við að styrkja vatnsveitu svæðisins. Með samningi við nágrannana í Uppsveitunum var einnig komið á varanlegri lausn varðandi losun og vinnslu á seyru til landbóta. Á nýju ári er ákveðið er að vinna nýtt aðalskipulag fyrir sveitarfélagið og í tengslum við það unnið að atvinnustefnu í samstarfi við atvinnuráðgjafa SASS.

### **Innheimta fasteignagjalda 2015**

Framundan er nú vinna við álagningu fasteignagjalda og annarra opinberra gjalda. Öll gjöld hafa sömu gjalddaga og fasteignaskatturinn og er innheimtu þeirra hagað á sama hátt. Greiðslur sem eru 20.000 kr eða lægri eru með einn gjalddaga, 1. mars. Greiðslur sem eru 20.001 kr til 60.000 kr greiðast á þremur gjalddögum; 1. mars, 1. maí og 1. júlí. Greiðslur 60.001 kr. og hærri greiðast á **núu gjalddögum**; 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september, 1. október og 1. nóvember. Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

*Sérstök áhersla verður lögð á það að eignir beri álangingu í samræmi við þá notkun sem leyfð er á hverri einingu húsnæðis, en einhver ósamræmis hefur sumsstaðar gætt í skráningunni til þessa.*

Álagningaseðlar verða prentaðir og sendir út eins og verið hefur en **ekki verða sendir út innheimtuseðlar á pappír nema sérstaklega sé óskað eftir því.**

Ellilífeyrisþegar og 75% öryrkjar eða meira sem búsettir eru í eigin íbúðarhúsnæði og eiga lögheimili í sveitarfélaginu geta fengið afslátt af fasteignaskatti af því húsnæði sem þeir eiga og búa í og ekki er nýtt af öðrum. Eingöngu er um lækkun af íbúðarhúsnæði að ræða. Öryrkjar

skulu skila inn til skrifstofu sveitarfélagsins skriflegri umsókn fyrir 1. febrúar ár hvert ásamt staðfestu skattframtali næstliðins árs. Umsókn skal enn fremur fylgja vottorð um örorkumat. Afsláttur til ellilífeyrisþega reiknast samkvæmt upplýsinum frá RSK. Við ákvörðun lækkunar eða niðurfellingar fasteignaskatta skulu notaðar eftirfarandi viðmiðunarreglur:

**Uppfært í desember 2014**

	2015		2015	
	Tekjur einstaklinga	Lækkun	Tekjur hjóna	Lækkun
Allt að	2.447.019	100%	3.241.506	100%
Allt að	2.738.561	75%	3.690.563	75%
Allt að	3.028.720	50%	4.138.244	50%
Allt að	3.311.974	25%	4.587.296	25%

Viðmiðunartekjur eru heildartekjur, þ.e. tekjur sem mynda álagningarstofn tekjuskatts-, útsvars og fjármagnstekjuskatts eins og þessar tekjur voru á næsta ári á undan álagningarári.

Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri Flóahrepps.

**Þorrablot í Þjórsárverri**

**Þorrablotið í Þjórsárverri verður laugardagskvöldið 31. janúar 2015.**

**Húsið opnar 20:30 og borðhald hefst kl. 21:00. Múlakaffi sér um gómsætan og súran þorramat.**

**Hljómsveitin Strákarnir mínir sjá um að halda uppi fjöri á dansgólfinu fram eftir kvöldi.**

**Miðpantanir í síðasta lagi mánudagskvöldið 26. janúar hjá Ernu í síma 6917920 eða Elíasi í síma 8975914. Miðaverð 6.900 kr.**

**Fjölmennum og tókum með okkur gesti!**

**Nefndin.**

## **Frá Umf. Baldri:**

### **Aðalfundur**

Aðalfundur Ungmennafélagsins Baldurs verður haldinn í Þingborg sunnudaginn 11. janúar næstkomandi kl. 14:00. Á dagskrá fundarins eru hefðbundin aðalfundarstörf. Meðal þess sem verður rætt á fundinum er framtíð félagsins í framhaldi málþings þess sem haldið var um framtíð ungmennafélaganna í Flóahreppi í október síðastliðnum. Einnig verða verðlaun veitt fyrir íþróttárangur á árinu 2014, Íþróttamaður ársins hjá Umf Baldri sem og viðurkenning fyrir framfarir og ástundum. Kaffiveitingar í boði félagsins. Nýir félagar sérstaklega boðnir velkomnir. Allir hvattir til að mæta og ræða framtíðina.

Umf. Baldur

### **Árgjald Umf. Baldurs**

Ágætu félagar. Minnt er á greiðslu félagsgjalda fyrir árið 2014. Allir félagsmenn 14 ára og eldri greiða árgjald kr. 1.000.- Ekki er innheimt árgjald af yngri félagsmönnum. Félagar eru beðnir um að greiða árgjaldið með millifærslu í heimabanka eða hafa samband við banka og biðja um millifærslu. Reikningur Umf. Baldurs er 0586-26-979 kt. 471077-0979. Tilgreina þarf nafn og kennitölu greiðanda. Nánari upplýsingar gefur gjaldkeri, Svanhvít Hermannsdóttir, s. 482-2911 eða senda tölvupóst [heima@lambastadir.is](mailto:heima@lambastadir.is)

### **Þorrablot Umf. Baldurs og Sandvíkurhrepps**

Minnt er á að hið sívinsæla þorrablot Umf. Baldurs og Sandvíkurhrepps verður haldið í Þingborg laugardagskvöldið 7. febrúar 2015. Hljómsveitin Vírus hefur verið ráðin til að leika fyrir dansi að lokinni hefðbundinni þorrablotsdagskrá. Blótið verður nánar auglýst með dreifibréfi um miðjan janúarmánuð sem og vel á samfélagsmiðlinum facebook. En takið kvöldið frá, byrjið að æfa dansanna og kitla hláturtaugarnar því af þessu vill engin missa.

## Frá Aðalfundi Umf. Vöku

Aðalfundur Umf. Vöku var haldinn í Þjórsárveri þann 4. janúar 2015 og voru fundarmenn 12 talsins. Fanney Ólafsdóttir var skipaður fundarstjóri og Erla Björg Aðalsteinsdóttir fundarritari. Formenn fóru yfir skýrslur stjórnar og gjaldkeri skýrði frá reikningum sem voru síðan samþykktir. Stjórnin var endurkjörin og er hún þá þannig skipuð:

Formaður,	Guðmunda Ólafsdóttir
Gjaldkeri,	Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir
Ritari,	Erla Björg Aðalsteinsdóttir
Formaður íþróttanefndar,	Guðrún Inga Helgadóttir
Formaður skemmtinefndar,	Sveinn Orri Einarsson
Formaður ritnefndar,	Fanney Ólafsdóttir
Varastjórn:	Halldór Bjarnasson, Arnar Einarsson og Þorsteinn Logi Einarson.
Skoðunarmaður reikninga,	Kristján Gestson
Til vara,	Bjarki Reynisson.
Fulltrúi á héraðsþing:	Guðmunda Ólafsdóttir
Til vara,	Arnar Einarsson.

Afhent voru verðlaun fyrir ýmis afrek síðasta árs.

Arnar Einarsson fékk bikar fyrir besta afrek unglunga fyrir 100 m hlaup úti á 11,2 sek sem gefa 1035 stig.

Arnar Einarsson fékk einnig bikar fyrir besta afrek samkvæmt alþóðastigatöflu IAAF fyrir 100 m hlaup úti á 11,2 sek sem gefa 828 stig.

Starfsíþróttabikar Vöku fékk Kolbrún Júlíusdóttir fyrir afrek sín í jurta- og fuglagreiningu. Á Héraðsmóti HSK í starfsíþróttum tókst henni eins síns liðs að koma UMF Vöku í 4. sæti í heildarstigakeppninni.

Íþróttamaður ársins var kjörinn Guðrún Inga Helgadóttir fyrir afrek sín í glímu. Hún keppti í fjölmörgum mótum með góðum árangri. Hún var valin í landslið Íslands í glímu og keppti á tveimur mótum erlendis á árinu og varð m.a. skoskur meistari í Backhold í -52kg flokki á Hálandaleikunum.

Félagsmálabikar Umf. Vöku fékk Ágúst Valgarð Ólafsson fyrir starf sitt í þágu skákíþróttarinnar í Flóahreppi sem hann af eigin frumkvæði kom af stað og hefur haldið utan um síðan í nafni ungmennafélaganna.

Fjallað var um framtíð félagsins. Stjórn Umf. Vöku bar undir fundarmenn eftirfarandi tillögu; *Aðalfundur Umf. Vöku haldinn í Þjórsárverri 4. janúar 2015 lýsir áhuga á að unnið verði áfram að stofnun nýs ungmennafélags í Flóahreppi á grunni þeirra gömlu og stofnuð verðu 6 manna nefnd sem vinni áfram að þessu verkefni.* Þessi tillaga var samþykkt samhljóða.

Undir liðnum önnur mál var fjallað um ýmislegt, meðal annars um að halda fjöltefli á Fjöri í Flóa, ljósmyndamarabon, leiklist og önnur verkefni félagsins. Árgjald félagsins var samþykkt 1000 kr eins og áður og einn nýr meðlimur gekk í félagið á árinu.

Fundarritari, Erla Björg Aðalsteinsdóttir

### **Fréttir af skötuveislu Umf. Vöku**

Margt var um manninn í Skötuveislu Umf. Vöku sem haldin var á Þorláksmessu en um 130 manns sóttu veisluna. Skatan sjálf þótti með besta móti og meðlætið sveik engan. Við viljum þakka öllum þeim sem komu kærlega fyrir komuna og stuðninginn. Sérstakar þakkir fá hjónin á Egilsstöðum 2 fyrir kartöflurnar og Kristín á Hurðarbaki fyrir hamsatölgina sem þau gáfu okkur til veislunnar.

## Héraðsmót í frjálsum íþróttum

Héraðsmót HSK í frjálsum íþróttum fullorðinna fer fram kvöldin 19. og 26. janúar í Frjálsíþróttahöllinni í Kaplakrika. Keppni hefst kl 19:30 bæði kvöldin. Keppnisgreinar eru:

Dagur 1: 60m hlaup, hástökk, langstökk, kúluvarp, 800m hlaup.

Dagur 2: 60m grind, stangarstökk, þristökk, 200m hlaup, 4x400m boðhlaup.

Ef einhver hefur áhuga á að keppa á mótinu þá er best að senda Guðmundu tölvupóst á netfangið [gudmunda89@gmail.com](mailto:gudmunda89@gmail.com) fyrir laugardaginn 17. janúar. Gaman væri að sjá nokkra keppendur frá Þjótanda á mótinu og ég minni á að allir eiga að keppa í Þjótandabol á héraðsmótum.

Þess má geta að ungmennafélögin í Flóahreppi eiga að útvega starfsmenn til að starfa við hástökk á fyrri keppnisdegi og ef einhver vill leggja okkur hjálparhönd þá má sá hinn sami hafa samband við Guðmundu á ofangreint netfang eða formann síns félags.

### Aðalfundarboð

Aðalfundur Hrossaræktarfélagss Villingaholtshrepps verður haldinn föstudaginn 23. jan. 2015 að Ferðapjónustunni Vatnsholti. Fundurinn hefst kl.20.30 með léttum kvöldverði í boði félagsins.

Á dagskrá fundarins eru venjuleg aðalfundarstörf.

Nýir félagar velkomnir.

**Stjórnin**

### Frá Samhygð

Aðalfundur Umf. Samhygðar verður haldinn í Félagslundi sunnudaginn 18. janúar og hefst kl. 14:00. Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf. Vonunnt til að sjá sem flesta féлага.

**Stjórnin**



## **Hjónaball**

Eins og auglýst var í síðustu Áveitu verður Hjónaballið í Félagslundi hinn 7. febrúar næstkomandi. Húsið opnar kl. 20:00 og borðhald hefst kl. 20:30. Miðaverð er ákveðið kr. 7000. Posi er á staðnum en betra að nota reiðufé þar sem samband er ekki alveg öruggt þarna fyrir nýjustu tækni.

Miðapantanir: Guðbjörg, í síma 486 3387 og 869 1182.

Herdís, í síma 486 3382 og 868 4277.

NEFNDIN.

## **Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps:**

Kæru kvenfélagskonur, það verður samverustund í herberginu okkar í Þingborg miðvikudaginn 14. janúar kl. 20:00. Hittumst hressar og kátar.

Stjórnin.

Kvenfélag Hraungerðishrepps þakkar sveitungum öllum samstarfið á árinu sem er að líða. Megi nýja árið verða ykkur gjöfult og gott.

## **Glímufréttir:**

Æfingar eru hafnar og verða á sama tíma og fyrir áramót. Milli 14 og 15 á mánudögum fyrir yngri iðkendur í Þjórsárverri og á fimmtudagskvöldum í Félagslundi kl. 20:00 fyrir eldri iðkendur. Þjálfari er sem fyrr Stefán Geirsson.

## **Jólamót Þjótanda**

Á síðustu æfingu fyrir jól 15. des. var haldið létt og skemmtilegt mót fyrir yngstu iðkendurnar. Allir fengu viðurkenningu fyrir þátttöku en úrslit urðu eftirfarandi.

## **Blandaður flokkur yngri**

- |                                  |      |
|----------------------------------|------|
| 1. Hjalti Geir Jónsson           | 2 v. |
| 2. Melkorka Álfðís Hjartardóttir | 1 v. |
| 3. Helgi Reynisson               | 0 v. |

## **Eldri flokkur**

- |                        |      |
|------------------------|------|
| 1. Unnsteinn Reynisson | 2 v. |
| 2. Sæþór Atlason       | 0 v. |

## **Skákfréttir**

Sigurjón Óli og Guðbergur Davíð tóku þátt í Jólapakskákmóti Hugins sem fór fram í ráðhúsi Reykjavíkur laugardaginn 22. desember. Mótið var öllum opið.

Sigurjón Óli keppti í flokki barna fæddra 2004-2005. Hann fékk 3 vinninga af 5 mögulegum og lenti í 12. sæti af 30.

Guðbergur Davíð keppti í flokki barna fæddra 2008 og yngri. Hann fékk 4 vinninga af 5 mögulegum og lenti í 2. sæti af 14.

Mótið fór einstaklega vel fram. Efstu 3 sætin í hverjum flokki fengu veglega jólapakka - og auk þess var miklum fjölda pakka dreift með happdrætti. Reyndar fór enginn pakkalaus heim - því allir voru þar að auki leystir út með sælgæti og gjöf. Skemmtilegt mót sem vonandi verður endurtekið að ári.

Á skákblogginu okkar má einnig sjá myndir frá mótinu: <http://floaskak.blog.is>

Kveðja, Ágúst V. Ólafsson

## Opnunarhátíð Krakkaborgar

Í tilefni af því að leikskólinn Krakkaborg flytur í nýtt og endurbætt húsnæði í Þingborg um næstu mánaðarmót er fjölskyldum nemenda, sveitungum og öðrum velunnurum leikskólans boðið á sérstaka opnunarhátíð föstudaginn 6. febrúar n.k. frá klukkan 14:00 – 16:00. 6. febrúar er merkisdagur í íslenskri leikskólasögu en þann dag árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara sín fyrstu samtök. Það er því vel við hæfi að fagna þessum tímamótum á svo góðum degi. Þennan dag verður ný Skólanámskrá Krakkaborgar einnig gefin út og léttar veitingar verða á boðstólnum. Verið hjartanlega velkomin

Starfsfólk Leikskólans Krakkaborgar

## Námskeið í Þjóðbúningasaumi

Haldið verður námskeið í þjóðbúningasaumi í uppsveitum Árnessýslu á vorönn. Námskeiðið verður fimm laugardaga frá janúar til apríl og verður það í Flúðaskóla.

Kennt er laugardaga frá kl. 11-17, dagana **14. febrúar, 28. febrúar, 21. mars, 11. apríl** og síðasti tíminn er **18. apríl**.

Á námskeiðinu er hægt að sauma 19. eða 20. aldar upphlut eða peysuföt, einnig er hægt að lagfæra búninga og sauma sér svuntu eða blússu. Námskeiðsgjald er kr. 135.000 og má reikna með u.þ.b. kr. 100.000 til 120.000 í efniskaup í nýjan búning, en það fer eftir því hvað er saumað. Allt efni er hægt að kaupa á staðnum.



Annríki  
Þjóðbúningar og skart

Isaberga 75 - 220 Hafnarfjörður - Sími: 8981573 - 8954349  
Vefbútur: [annriki@pinnet.is](mailto:annriki@pinnet.is) - Veffang: [www.annriki.is](http://www.annriki.is)

Kennari á námskeiðinu verður Hildur Rosenkjær í Annríki en hún hefur mikla reynslu af þjóðbúningasaumi og rekur Annríki þjóðbúningar og skart ásamt manni sínum en það er þjóðbúningaverkstæði.

Þjóðbúningakynning verður haldin laugardaginn 10. janúar í Félagsheimili Hrunamanna. Þá eru allir velkomnir til að skoða þjóðbúninga og fá fræðslu um þá. Einnig verður þá veitt ráðgjöf og máltaka fer fram fyrir þá sem ætla að koma á námskeiðið.

Upplýsingar og pantanir berist til Elínar Jónu í netfang: [ellajona@ellajona.net](mailto:ellajona@ellajona.net) eða í sími: 8936423

## Dagskrá mánaðarins

<b>Glímuæfing eldri</b>	<b>8. janúar</b>
<b>Aldursflokkamót í frjálsum</b>	<b>10. janúar</b>
<b>Þjóðbúningakynning á Flúðum</b>	<b>10. janúar</b>
<b>Aðalfundur Umf. Baldurs</b>	<b>11. janúar</b>
<b>Glímuæfing yngri</b>	<b>12. janúar</b>
<b>Æfingar í Þingborg</b>	<b>13. janúar</b>
<b>Samverustund Kvf. Hraung.hr.</b>	<b>14. janúar</b>
<b>Glímuæfing eldri</b>	<b>15. janúar</b>
<b>Glímuæfing yngri</b>	<b>19. janúar</b>
<b>Héraðsmót í frjálsum</b>	<b>19. janúar</b>
<b>Æfingar í Þingborg</b>	<b>20. janúar</b>
<b>Glímuæfing eldri</b>	<b>22. janúar</b>
<b>Aðalfundur Hrossaræktarfélag. Vill.</b>	<b>23. janúar</b>
<b>Glímuæfing yngri</b>	<b>26. janúar</b>
<b>Héraðsmót í frjálsum</b>	<b>26. janúar</b>
<b>Æfingar í Þingborg</b>	<b>27. janúar</b>
<b>Glímuæfing eldri</b>	<b>29. janúar</b>
<b>Þorrablót í Þjórsárverum</b>	<b>31. janúar</b>



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160